

<b>Dags. fundar:</b> 13. júní 2012	<b>Tími:</b> 17.20	<b>Nr. fundar:</b> 24
<b>Fundarboðari:</b> Ákveðið á síðasta fundi.	<b>Fundarritari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	<b>Staður:</b> A-sal ÍSI, Laugardal.

**Efni fundar:**

1. AMÍ.
2. Mótagögn.
3. Atburðardagatal 2012-2013.
4. Viðgerðir og hugsanleg áhrif.
5. Fækkun móta?
6. Alþjóðlegi listinn.

**Viðstaddir:** Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Ólafur Baldursson, Björn Valdimarsson og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

**Boðuð forföll:** Gunnlaugur Þráinsdóttir.

**Boðuð en ekki mætt:** Steinunn R. Einarsdóttir.

**Dagskrá:**

1. Undirbúningur fyrir AMÍ í fullum gangi. Hafin er skráning dómara og verið að ganga frá skráningum keppenda.
2. Mótagögn þar sem af er sundársins hafa skilað sér nokkuð vel til skrifstofu SSÍ. Frágangur á einstaka mótum hefur ekki verið nógu góður og en nefndin leggur áherslu á að félögin vinni eftir þeim vinnureglum sem settar hafa verið. Yfirdómarar hvers móts verða að leggja línurnar með starfsmönnum mótsins sem sjá um pappírfrágang mótsins og einnig verða yfirdómarar að vinna eins að þessu leytinu. Meðlimir nefndarinnar eru tilbúnir að mæta á fundi með félögum til að fara yfir þessi mál.
3. Verið er að vinna í atburðardagatalinu sundárið 2012-2013 hjá SSÍ. Þegar það liggur fyrir mun nefndin setja upp hvenær dómaramámskeið verða í boði og hvaða mótum þau tengjast. Einnig mun nefndin setja inn endurmenntunarnámskeið, eitt fyrir áramót og annað eftir áramót. Vilji er til að halda dómaraþing með haustinu. Þau mót sem eru eftir á þessu sundári eru: AMÍ (21.-24. júní), Íslandsmeistaramót í sjósundi (18. júlí) og Unglingamót UMFÍ um verslunarmannahelgina.
4. Viðgerðir standa til á búningsklefum sundlaugarinnar í Laugardal. Þær geta haft áhrif á sundmót næsta vetrar, bæði fjölda þeirra og lengd þeirra. Mun þetta liggja fyrir fljótlega.
5. Sundráð Reykjavíkur hefur lagt til að lágamarkamót félaga verði sameinuð, þ.e. hvert félag á Reykjavíkursvæðinu sé ekki að halda sitt eigið lágmarkamót t.d. vegna ÍM25 eða 50 mótanna og AMÍ, heldur að félögin sameinist og mótunum fækki. Einnig er umræða í gangi um sameiningu ÍM50 og ÍF ÍM50 þar sem fatlaðir og ófatlaðir myndu keppa saman.
6. Sótt verður um fyrir: Björn Valdimarsson Fjölni, Svanhvíti G. Jóhannsdóttur Fjölni, Harald Hreggviðsson ÍRB og Gunnar Eiríksson s.f.Óðni sem alþjóðlega dómara og Gústaf A. Hjaltason Ægi og Jón Kr. Magnússon ÍRB sem alþjóðlega ræsa.

**Verkefni ákveðin á fundinum:** Engin

**Fundi slitið** kl: 18.40

**Næsti fundur:** miðvikudaginn 29. ágúst kl. 17.15.